



Ósvör Sjóminjasafn



NÁTTÚRUSTOFA
VESTFJARÐA

Skráning safngripa í Ósvör 2012

Lóa Júlía Antonsdóttir
og
Þorleifur Eiríksson

Sjóminjasafnið Ósvör
og
Náttúrustofa Vestfjarða

Desember 2012
NV nr. 19-12

Útdráttur

Skráning safngripa í Ósvör

Megintilgangur verkefnisins var að gera sýningu að safni með skráningu safngripa. Safngripir voru myndaðir og upplýsingar um hvern grip skráðar í aðfangabók og Access gagnagrunn. Öll vinna var unnin með tilliti til þess að hægt væri að færa upplýsingarnar seinna í SARP sem er menningarsögulegt gagnasafn á Íslandi. Við væntum þess að skráning þessi muni betrumbæta til muna upplýsingaflæði, varðveislu og uppsetningu safnsins.

Abstract

Registration of items in Osvor

The main purpose of this project is to make, what was kind of a show, into becoming a museum, by registering all the items into an Access database, with information's about each item, in regard of being able to move the data later into SARP a common registry for Icelandic museums. We expect the registration to greatly improve the flow of information, conservation and installation directory of the museum.

Efnisyfirlit

ÚTDRÁTTUR	2
Skráning safngripa í Ósvör	2
ABSTRACT	2
Registration of items in Osvor	2
EFNISYFIRLIT	3
INNGANGUR	4
AÐFERÐIR	4
NÐURSTÖÐUR	5
UMRÆÐUR	70
ÞAKKIR	71
VIÐMÆLENDUR	71
HEIMILDASKRÁ	71

Inngangur

Ósvör er sjávarminjasafn sem staðsett er við Ósá í Bolungarvík. Ósvör er gamalt útræði frá árunum 1905-1925. Á árunum 1989-1990 var farið í að endurbyggja Ósvör vegna gerðar myndarinnar Verbúðin Ísland. Við tókur mynda lánaði Byggðarsafn Vestfjarða ýmsa hluti, sem í dag eru hluti af safngripum. Einnig lét Geir Guðmundsson af hendi nokkuð marga gripi sem einnig tilheyra safninu í dag. Fljótlega eftir gerð myndarinnar vaknaði áhugi fólks á að skoða gömlu verbúðina. Það féll í hlut Geirs Guðmundssonar að halda verbúðinni opinni fyrir íslenska og erlenda ferðamenn. Hann viðhélt einnig hlutunum og varð Ósvör því óformlegt safn frá því u.þ.b. '90-'91. Gripir safnsins hafa hins vegar til þessa ekki verið skráðir samkvæmt safnalögum.

Samkvæmt 5. grein safnalaga, nr. 107 frá árinu 2001, er hlutverk Þjóðminjasafns Íslands og byggðasafna að safna, skrásetja, varðveita, fornverja og rannsaka minjar, svo sem forngrípi, kirkjugrípi, listmuni, nytjahluti, svo og myndir, hljóðritanir og skráðar heimildir um þjóðhætti og kynna þær almenningi, innan lands og utan. Til slíkra minja geta einnig talist hús sem hafa sérstakt gildi að mati þjóðminjavarðar.

Eftir að Dr. Þorleifur Eiríksson tók við rekstri safnsins hefur skrásetning hluta safnsins verið í forgangi. Skrásetningarverkefnið byrjaði sumarið 2010 (Guðríður Svava Óskarsdóttir og Þorleifur Eiríksson 2010) og hélt áfram sumarið 2011 (Lóa Júlía Antonsdóttir og Þorleifur Eiríksson 2011) í ár var svo haldið áfram með verkefnið (Lóa Júlía Antonsdóttir og Þorleifur Eiríksson 2012). Verkefnið fjallar um það að tilgreina muni á safninu með tilliti til framtíðarskráningar í SARP (menningarsögulegt gagnasafn). Upplýsingar voru fengnar úr bók sem Finnbogi Bernóðusson, fyrrverandi safnvörður, hafði skráð í upplýsingar um notkun og heiti ýmissa muna. Auk þess bókum (Lúðvík Kristjánsson 1983 og 1985) og viðtölum við núverandi og fyrrverandi safnverði. Geir Guðmundsson hefur verið aðalheimildamaðurinn um tilurð hluta þar sem hann var bæði fyrsti safnvörður Ósvarar, eins og fyrr var minnst á, og gaf mikið af hlutum til safnsins. Samhliða verkefninu var tekin í gagnið skrifleg aðfangabók fyrir safnið sem munir verða fyrst skráðir í áður en þeir verða færðir inn í Access.

Aðferðir

Haldið var áfram með skráningu frá sumrinu 2011 (Lóa Júlía Antonsdóttir og Þorleifur Eiríksson 2011). Í ár var tekin í gagnið ný aðfangabók og voru munir safnsins færðir yfir í

hana. Á sama tíma sem fært var yfir var ákveðið að bæta við upplýsingum um hvern hlut. Í fyrra var skráningunni í aðfangabókina með þessu sniði:

Osv-XXX. Dagsetning skráningar. Heiti hlutar. Úr hverju hlutur er gerður.
Stærð. Lýsing. Ástand hlutar. Uppruni (hver gaf, ef það er ekki vitað er það skráð sem Ósvör-verbúð/salthús..). Annað.





Í ár var uppsetningin mjög svipuð nema fleiri upplýsingum var bætti við í lýsinguna. Einnig var bætt við smá sögu um hluti.





Aðfangabókin er handskrifuð og óbreytanleg. Hægt er að bæta nýjum hlutum í hana og strika yfir þá sem hafa glatast en ekki breyta neinu að öðru leiti. Nýja bókin er skrifuð með blýanti.





Þegar hlutur hefur verið skráður í aðfangabókina þá er hann færður inní Access með auka upplýsingum og ljósmynd. Ákveðið var einnig sumarið 2011 að sumir gripir á upphaflegu Access skránni væru gripir sem beðið væri með að skrá. Breytt var um númer af þessum ástæðum og fengu fyrr skráðir gripir því ný númer. Í ár var haldið áfram með nýju númerin og svar bætt inní skráanna munum og myndum.





Niðurstöður




Taflan sýnir safngripina í Ósvör sem búið er að skrá. Hún sýnir nýju númerin sem gripirnir hafa fengið, nafn hlutar, lýsingu og svo mynd.

Skýrsla q			
Númer	Hlutur	séreinkenni	Mynd
1	Vaðbeygja	Vaðbeygja með postulíni á, er hugsanlega af franskri seglskútu. Franskar seglskútur voru mikið í kringum Ísland við upphaf 18.aldar.	
2	Brennimerki	Brennimerki sem er með stöfunum "SAK". Var merki báta sem réru frá Ósvör. Sög númer osv-014 hefur verið brennimerkt með þessu brennimerki.	
3	Brennimerki	Brennimerki sem er með stöfunum "BL981". Brennimerkið er með hanka til þess að það sé hægt að hengja það upp auðveldlega.	
4	Brennimerki	Lítið brennimerki með stafnum "S". Brennimerkið er með viðarhandfangi. Handfangið er klofið á hliðinni.	




Skýrsla q			
Númer	Hlutur	séreinkenni	Mynd
5	Brennimerki	Brennimerki með stöfunum “GSI”, vantar á þetta brennimerki hanka til að hengja það upp sem er til staðar á hinum.	
6	Brennimerki	Brennimerkið er að mestu ólæsilegt því það hefur brotnað uppúr því, en byrjar hugsanlega á “OIA” og svo kemur “F” eða “P” á eftir því.	
7	Brennimerki	Brennimerkið er með stöfunum “LINA” en það kom frá Línu Dalrós Gísladóttur.	
8	Brennimerki	Brennimerki sem er í mjög lélegu ástandi, bæði ryðgað og ólæsilegt.	





Skýrsla q			
Númer	Hlutur	séreinkenni	Mynd
9	Sög	Stór viðarsög sem er riðguð og með viðarhandfangi.	
10	Sög	Sverðsög, en hefur líka verið kölluð stingsög samkvæmt Geir Guðmundssyni. Sögin er með fallegu viðar handfangi og sagarblaðið mjókkar út til enda.	
11	Sög	Sögin er brennimerkt "KE" en það stendur fyrir Kristján Erlendsson. Gefandinn Kristján Þórir Kristjánsson var sonur hans.	
12	Sög	Sögin er brennimerkt "KE" en það stendur fyrir Kristján Erlendsson. Gefandinn Kristján Þórir Kristjánsson var sonur hans. Sög þessi var kölluð Þverskeri.	



Skýrsla q			
Númer	Hlutur	séreinkenni	Mynd
13	Sög	Sögin er brennimerkt “KE” en það stendur fyrir Kristján Erlendsson. Gefandinn Kristján Þórir Kristjánsson var sonur hans. Sögin meira riðguð við enda sagarblaðsins.	
14	Sög	Sögin er brennimerkt “SAK”. Brennimerkt með brennimerkinu osv-002. Geir Guðmunds telur að Kristján Þórir Kristjánsson hafi einnig gefið þessa sög.	
15	Kúfiskplógur	Lögun og stærð Kúfiskplógsins gefur til kynna að hann sé smíðaður í kringum byrjun 20.aldar. Notaður til að afla kúfisks. Á neðri hluta opsins að framan eru tennur sem vísa fram og niður, þegar plægt er grafast þær niður í sandbotninn og róta upp sandi og skel. Þetta safnast svo fyrir í nefpokanum, sem er áfastur kjaftgrindinni og hreinsast þá sandur og fleira út. Nefpokinn er net sem er fast við plóginn en vantar á þennan.	
16	Reipi	snærið hefur á sitthvorum endanum hringi, annarsvegar spýtu og hins vegar járn. Gæti hafa verið fyrir seglabúnað.	





Skýrsla q			
Númer	Hlutur	séreinkenni	Mynd
17	Drifholt	Drifholt er að mestu úr eik en er hinsvegar með járn á hvorum enda. Drifholt er ásláttarverkfæri. Er hringlótt að ofan en verður svo aflangt og ferhyrnt neðst. Er lagt að tunnuloki, ofan á gjörðina og slegið á það með Drixli.	
18	Drixill	Drixill er að mestu úr eik en með járn haus. Drixill lýtur út eins og blanda af exi og hamri. Drixill var notaður með Drifholti til að slá upp tunnur. Hann var einnig notaður til að loka tunnnum aftur og slá í gjarðir. Var verkfærið sem einkenndi Beykiðngreinina.	
19	Mannbroddur	Mannbroddarnir eru samansettir af fjórum járn lengjum sem eru boltaðar saman. Hefur verið gert við þessa mannbrodna með járnvír.	





Skýrsla q			
Númer	Hlutur	séreinkenni	Mynd
20	Mannbroddur	Meira bogalag á þessum mannbroddum en osv-019. Geir Guðmundsson segir að þessir mannbroddar hafi ekki verið ætlaðir mönnum, enda of stórir. Þeir voru hinsvegar ætlaðir hestum.	
21	Mannbroddur	Mannbroddar frá eftir aldamótin. Mannbroddarnir eru öðruvísi að því leiti að þeir eru gerðir úr heilu stykki sem beygist upp síthvorum megin. Undir eru svo tveir járn renningar með oddi hvorum megin.	
22	Mannbroddur	Mikið bogalag á mannbroddunum og eru þeir ætlaðir til nota fyrir hesta en ekki menn.	
23	Mannbroddur	Mannbroddar úr blikki frá eftir 1930. Eru yngstu mannbroddarnir á safninu. Gefnir af Eyjólfí Júlíussyni.	





Skýrsla q			
Númer	Hlutur	séreinkenni	Mynd
24	Myllusteinn	Steinarnir eru höggdir til í hring með gati í miðjum steini. Öðrum megin á flöt hliðinni eru steinarnir rásaðir út frá miðju gatinu alveg út á rönd. Steinarnir voru oftast tveir saman og var þá bara efsta steininum snúið.	
25	Myllusteinn	*Sami texti og osv-024	*Sama mynd og osv-024
26	Myllusteinn	*Sami texti og osv-024	*Sama mynd og osv-024
27	Síldartunna	Síldartunna þessi rúmar um 120 lítra og er ekki eldri en frá síðasta áratug 20. aldar. Samkvæmt Finnboga Bernódussyni þá voru tunnurnar á safninu aldrei notaðar sem síldartunnur.	
28	Síldartunna	Síldartunna þessi rúmar um 120 lítra og er ekki eldri en frá síðasta áratug 20. aldar. Samkvæmt Finnboga Bernódussyni þá voru tunnurnar á safninu aldrei notaðar sem síldartunnur. Tunnan er með fjórum gerðajárnum en tvö hafa dottið af og eru geymd ofaná tunnunni.	





Skýrsla q			
Númer	Hlutur	séreinkenni	Mynd
29	Klifberi	Klifberinn er úr furu og með járnfestingum eða svokölluðum sleppibúnaði, sem auðveldar að leysa hey. Klifberinn er einnig með leðurólum til að festa við hest. Þessi klifberi er frá u.þ.b. 1900.	
30	Klifberi	Einfaldari gerð af klifbera. Þessi var ekki með sleppibúnaði þannig að tvo men þurfti til að losa hann. Klifberinn er úr furu og með leðurólum til að festa við hest. Ein álin er hinsvegar ofin úr hrosshári og hlýtur ein leðurólin hafa slitnað og svona verið viðgerðin.	
31	Dufl	Duflíð er heildufl. Var svart en hefur í seinni tíð verið málað rautt. Rauð og svört dufl algeng. Dublin voru smíðuð á Íslandi, stafirnir ekki allir jafn stórir og ef dufl fer í sundur tekur svolítinn tíma að raða því aftur saman. Eitt gerðajárnið er skemmt á þessu dufli.	
32	Dufl	Duflíð er heildufl. Duflíð er málað rautt og hefur verið brennimerkt með stöfunum "SAV" og með viðartappa.	





Skýrsla q			
Númer	Hlutur	séreinkenni	Mynd
33	Hálf tunna	Hálf tunna með fjórum gerðajárnum. Samkvæmt Finnboga Bernódussyni þá rúmar hálf tunna 60 lítra.	 A photograph showing three wooden barrels in a stone cellar. The barrels are arranged in a row, with a wooden pallet leaning against the wall behind them. The walls are made of rough-hewn stones.
34	Kvartel	Kvartel er með fjórum gerðajárnum og samkvæmt Finnboga Bernódussyni þá rúmar það 30 lítra.	 A photograph showing two wooden barrels in a stone cellar. The barrels are arranged in a row, with a wooden pallet leaning against the wall behind them. The walls are made of rough-hewn stones.





Skýrsla q			
Númer	Hlutur	séreinkenni	Mynd
35	Áttungur	Samkvæmt Finnþoga Bernódussyni þá rúmaði áttungur 15 lítra.	
36	Ballans	Frá steininum liggja tveir armar sem eru skrúfaðir inní steininn og snæri bundið til að halda við. Armarnir vísa niður í boga og við enda armanna ætti svo lína að koma með krókum á. Þessi ballans er hinsvegar ekki með krókum.	
37	Ballans	Frá steininum liggja tveir armar sem vísa niður í boga. Við enda þeirra koma svo línur og við enda þeirra eru önglar. Önglar þessir eru með steiptum blýfisk.	
38	Ballans	Frá steininum liggja tveir armar sem vísa niður í boga. Við enda þeirra koma svo línur og við enda þeirra eru önglar. Önglar þessir eru með steiptum blýfisk. Við steininn er föst löng fiskilína.	






Skýrsla q			
Númer	Hlutur	séreinkenni	Mynd
39	Handfæraás	Handfæraás líkist ballans í útliti. Er heilás og með blýlóði. Frá blýlóðinu liggja tveir armar og við enda þeirra koma svo krókarnir.	
40	Hrosshársreipi	Um 72 cm langt fléttað hrosshársreipi. Reipið er fléttað bæði úr hrosshári og svo ull. Þegar ull var notuð í reipi þá var það oft úr leifum af gömlum fötum sem voru skorin niður í ræmur.	
41	Hrosshársreipi		
42	Hrosshársreipi		



Skýrsla q			
Númer	Hlutur	séreinkenni	Mynd
43	Hrosshársreipi		
44	Hrosshársreipi		
45	Hrosshársreipi		
46	Hrosshársreipi		




Skýrsla q			
Númer	Hlutur	séreinkenni	Mynd
47	Línuefni	Línuefni úr sísal en hann er grófari en hampur. Erfitt var að nálgast snæri á Íslandi. Danir voru að skaffa íslendingum snæri sem þeir réðu ekki við sjálfur, mjög hart reipi. Hollendingar buðu uppá mikið betra og mýkra snæri.	
48	Línuefni	uppvafið	*Sama mynd og osv-47
49	Línuefni	uppvafið	*Sama mynd og osv-47
50	Línuefni	uppvafið	*Sama mynd og osv-47
51	Línuefni	uppvafið	*Sama mynd og osv-47
52	Línuefni	Línuefni sem er vafið upp í böggul. Í stað beitu eru pappaspjöld á önglunum til að sýna hvernig þetta hefði litið út með alvöru beitu. Á vestfirðum var þetta kallað að beita í pjank.	
53	Línuefni	Línuefni sem er vafið upp í böggul. Í stað beitu eru pappaspjöld á önglunum til að sýna hvernig þetta hefði litið út með alvöru beitu. Á vestfirðum var þetta kallað að beita í pjank.	
54	Netakúlur	Dökkgrænar gler netakúlur í fíngerðu neti úr ljósu reipi. Netakúlurnar voru notaðar á hrognkelsanet.	





Skýrsla q			
Númer	Hlutur	séreinkenni	Mynd
55	Korkur	Þrír flotkorkar fastir saman á snæri. Allir eru þeir jafnstórir og voru notaðir til að halda uppi neti.	
56	Reisla	Járn reisla sem hangir úr loftinu í salthúsinu. Reisla er hangandi vigt. Vogaströndur með kvarðanum og lóðinu segir svo til um þyngd þess sem viktað er, lóðið er fært til, þar til vogaströndin liggja lárétt. Svo er lesið af kvarðanum til að komast að því hvað þyngdin sé. Getur viktað um 150 kg og er frá um ca 1950. Gefið af Kjartan Guðjónsson.	
57	Skiptilykill	Skrúfaður skiptilykill úr járni með viðar handfangi. Líka kallaður skrúflykill. Guðmundur Benónýson frá Gerðahömrum í Dýrafirði gaf.	
58	Snærisrokkur	Yngri týpan af snærisrokk, notað til þess að búa til snæri. Einnig kallað Lóðarokkur. Snærisrokkurinn samanstendur af þrem mismunandi hlutum. Rokkurinn er í láni frá Byggðasafni Vestfjarða.	




Skýrsla q			
Númer	Hlutur	séreinkenni	Mynd
59	Snærisrokkur	Aflangur snærisrokkur með fjórum krókum, er eldri týpan. Krókarnir eru ryðgaðir. Rokkurinn er í láni frá Byggðasafni Vestfjarða.	
60	Lóðbolti	Lóðbolti með viðar handfangi.	
61	Hákarlakraókur	Keðja í taumi sem festur var við sjálfa línuna á báða enda taumsins, bæði við krókinn og eins þeim endanum sem festist við línuna voru notaðir segulnaglar (siglunaglar). Hákarlinn kokgleypir strax það sem hann étur þess vegna er hafður keðjutaumur í króknum svo hann klippi hann ekki í sundur. Hákarlinn snýr sér í hringi til að losna og til þess eru segulnaglar.	Vantar mynd
62	Lóðbelgslok	Lokið er eitt og sér, belgur eyðilagðist og er það brennimerkt "KPK" einnig merkt með "N", grænmálað. Var gefið af Kristján Þ. Kristinssyni.	
63	Keppur	Keppur til að þvo föt með. Notaður til að þvo vettlinga og sokka, lagður á stein og þeir klappaðir með þessu. Magnús Ragnarsson gaf.	





Skýrsla q			
Númer	Hlutur	séreinkenni	Mynd
64	Þvinga	Þvinga úr við með járnnöglum brennimerkt "SS" og notuð við smíðar. Notuð til að halda einhverju saman. Spýtan keyrð í endann og þá helst hluturinn fastur. Smiður þvingunnar var Sigurður Sigurðsson.	  
65	Net	Net úr hampi, ljósrautt og grátt að lit, þínu flækt. Gefið af Páli Sólmundssyni.	
66	Net	Net úr hampi með mikið magn af korki fest í það. Mjög rautt að lit. Net frá 1930 og gefið af Páli Sólmundssyni.	





Skýrsla q			
Númer	Hlutur	séreinkenni	Mynd
67	Spanda	Emaleruð blikk spanda með bláum kanti efst. Gefin af Arngrími Kristinssyni.	
68	Spanda	Emaleruð blikk spanda með bláum kanti efst. Gefin af Arngrími Kristinssyni.	





Skýrsla q			
Númer	Hlutur	séreinkenni	Mynd
69	Dufl	Duflid er hálfdufl og er rauðmálað. Samkvæmt Geir Guðmundssyni þá voru þessi dufl kölluð treikvartdufl. Einnig voru stærri gerðin af hálfduflum stundum notuð sem báruflýgar.	
70	Dufl	Brúnleitt kvartdufl úr viði.	
71	Keppur	Viðarkeppur sem var notaður til þess að slá fót við þvott. Brennimerkt "1916" á hliðina á handfanginu og ofaná "RAV". Tvö göt eru á haus keppsins, einnig er gat á handfanginu og í það fest reipi.	





Skýrsla q			
Númer	Hlutur	séreinkenni	Mynd
72	Reipi	Ljós og löng hamp lína. Flutt inn frá Danmörku átti að nota í róðurinn en gekk illa að nota fyrir Íslendinga. Þegar það blotnaði þá harðnaði það og er erfitt að vinna með. Kemur frá Geir Guðmundssyni.	
73	Reipi	Langt,brúnt miðlungsþykkt uppvafið reipi.	
74	Reipi	Lítið reipi brúnt að lit.	
75	Reipi	Slitið reipi	

Skýrsla q			
Númer	Hlutur	séreinkenni	Mynd
76	Rimlabörur	Viðar rimlabörur með sex spýtum þversum til þess að bera saltfisk og aðrar vörur. Einnig kallaðar rimabörur. Eru handbörur fyrir tvo men til að bera á milli sín. Rimabörur voru einnig notaðar til burðar á ýmsu fleira t.d. torf og grjóti við hleðslu.	
77	Dragsleði	Dragsleði úr við með fjórum fjölum, aftasta er laus. Sleði sem notaður er til dráttar ef flytja þurfti eitthvað milli staða eftir að það var kominn snjór. Með sléttajárni undir. Önnur nöfn fyrir Dragsleðann eru, Snatti og Kráka.	
78	Blöndunarkútur	Tvö göt annað til að hella í hitt til að drekka úr. Kúturinn er grænmálaður og er eitt gerðajárnið nýlegra en hin. Eini maturinn sem men fóru með sér á sjó. Var reglugerð í Bolungarvík að hver bátur þyrfti að taka með sér tvær stórar tunnur af sýru.	





Skýrsla q			
Númer	Hlutur	séreinkenni	Mynd
79	Seilingarnál	Löng seilingarnál úr hvalbeini og er með gati efst fyrir reipi. Seilingarnálar notaðar til þess að stokka upp fiskum á línu. Einnig til að geyma fisk fyrir utan bátinn meðan verið er að veiða svo báturinn verði ekki eins þungur.	
80	Brýni	Brýni úr stein.	
81	Brýni	Brýni úr stein.	
82	Brýni	Lítið brýni úr stein.	

Skýrsla q			
Númer	Hlutur	séreinkenni	Mynd
83	Brýni	Brýni úr stein. Kemur frá Skálavík frá Páli Jósafarssyni sem var áður skútuformaður.	
84	Brýni	Brýni úr sement. Kemur frá Skálavík frá Páli Jósafarssyni sem var áður skútuformaður.	
85	Spanda	Emaleruð blikk spanda með bláum kanti efst.	
86	Seilingarnálar	Tvær seilingarnálar úr hrossa rifjum sem eru festar saman með reipi.	





Skýrsla q			
Númer	Hlutur	séreinkenni	Mynd
87	Smökkönglar	Tveir smökkönglar festir saman með línu, rauðir og gulir að lit. margir litlir krókar á hvorum öngli. Sagan segir að bóndi nokkur hafi bjargað frönskum skipstjóra úr skipsskaða og til að þakka fyrir sig gaf skipstjórinn bóndanum einn svona öngul. Bóndinn lánaði hann svo og voru smíðaðir fleiri eftir honum (Pétur Jónsson, 1947).	
88	Lóðahjól	Lóðahjól úr við með járn skrúfu til að festa lóðahjólið við borðstokk báts eða skútu. Til að draga línuna með.	
89	Sleggja	Úr skipi sem strandaði, járnklumpar sem notaðir voru sem ballest var breytt í verkfæri.	
90	Skaröxi	Handfangið er úr við en hausinn úr hrájárni. Svipar til venjulegast hamars nema aftari hluti haussins er stærri en á venjulegum hamri.	





Skýrsla q			
Númer	Hlutur	séreinkenni	Mynd
91	Tunna	Tunna úr aski með loki og fjórum gerðajárnum. Í tunnur af þessari gerð var flutt inn korn og mjöl til Íslands. Þær voru svo notaðar til þess að flytja út saltfisk. Algengust fram yfir aldamótin 1900. Benedikt Bjarnarson gaf.	
92	Kraka	Kraka sem kemur frá pabba Geirs Guðmundssonar. Tveir af fjórum örmum hennar illa farnir.	
93	Stjórasteinn	Nafnið Ósvör rist í hann. Gert af Geri Guðmundssyni.	
94	Skrína	Grænmáluð skrína. Hankarnir á hliðunum eru á ská til þess að létta á öxlunum þegar men báru þetta á bakinu. Mikið notuð undir kæfu með bræddri tólgu utanum og svo kökur.	





Skýrsla q			
Númer	Hlutur	séreinkenni	Mynd
95	Kista	Brúnmáluð matarkista. Geir Guðmundsson segist hafa fengið hana úr hafnarfirði frá Ágústi Péturssyni. Maður sem fæddur var í Bolungarvík, framamaður í Albýðu- flokknum. Skyldfólk hans Pétur Sigurðsson átti þessa kistu. Pétur Sigurðsson var frá Meiri-Bakka í Skálavík.	
96	Kista	Með máluðum blómum á, var í tísku að mála kistur svona í kringum 1800. Kistan fengist í fjósinu eða geymslunni hjá Einari Guðmunds.	
97	Netakúlur	Grænt gler	Vantar mynd
98	Netakúlur	Grænt gler	Vantar mynd
99	Netakúlur	Grænt gler	Vantar mynd
100	Netakúlur	Grænt gler	Vantar mynd
101	Netakúlur	Grænt gler	Vantar mynd
102	Netakúlur	Merkt C. C. A. í glerið, ljósgrænt gler	
103	Netakúlur	Dökkgrænt gler	





Skýrsla q			
Númer	Hlutur	séreinkenni	Mynd
104	Netakúlur	Úr hvítu plasti. Netakúlan er í grófu dökkleitu neti.	
105	Netakúlur	Merkt "8" á botninum, dökkkrænt gler.	
106	Netakúlur	Glært gler.	
107	Netakúlur	Rifið net sem er dökkleitt og gróft, dökkgrænt gler.	





Skýrsla q			
Númer	Hlutur	séreinkenni	Mynd
108	Netakúlur	Netakúla í neti gerð úr dökkgrænu gleri.	
109	Netakúlur	Netakúla í neti gerð úr dökkgrænu gleri.	
110	Netakúlur	Netakúla í neti sem er laust. Gerð úr dökkgrænu gleri.	
111	Netakúlur	Netakúla í neti gerð úr dökkgrænu gleri.	





Skýrsla q			
Númer	Hlutur	séreinkenni	Mynd
112	Netakúlur	Netakúla í neti gerð úr dökkgrænu gleri. Netið smá slitið.	
113	Netakúlur	Netakúla í neti gerð úr dökkgrænu gleri.	
114	Netakúlur	Netakúla í neti gerð úr dökkgrænu gleri.	
115	Netakúlur	Netakúla í neti gerð úr sægrænu gleri.	





Skýrsla q			
Númer	Hlutur	séreinkenni	Mynd
116	Netakúlur	Netakúla í neti gerð úr dökkgrænu gleri.	
117	Netakúlur	Netakúla í neti gerð úr dökkgrænu gleri.	
118	Netakúlur	Netakúla í neti gerð úr dökkgrænu gleri. Net er pínu slitið.	
119	Netakúlur	Netakúla í neti gerð úr dökkgrænu gleri.	





Skýrsla q			
Númer	Hlutur	séreinkenni	Mynd
120	Netakúlur	Netakúla í neti gerð úr dökkgrænu gleri. Smá slit í neti.	
121	Netakúlur	Netakúla í neti gerð úr sægrænu gleri.	
122	Netakúlur	Netakúla í neti gerð úr sægrænu gleri.	
123	Netakúlur	Netakúla í neti gerð úr dökkgrænu gleri.	




Skýrsla q			
Númer	Hlutur	séreinkenni	Mynd
124	Netakúlur	Netakúla í neti gerð úr dökkgrænu gleri.	
125	Netakúlur	Netakúla í neti gerð úr dökkgrænu gleri.	
126	Netakúlur	Netakúla í neti gerð úr dökkgrænu gleri. F8 á botninum, ekki handblásin	
127	Netakúlur	Netakúla úr dökkgrænu gleri.	





Skýrsla q			
Númer	Hlutur	séreinkenni	Mynd
128	Netakúlur	Netakúla úr dökkgrænu gleri.	
129	Netakúlur	Netakúla úr ljósgrænu gleri.	
130	Vaðbeygja	Vaðbeygja í tveim hlutum, kubbur og vaðbeygjan. Ryðgaður nagli í henni og föst í snæri. Skútuvaðbeygja, kubburinn negldur á borðstokkinn á skútunni og hitt stykkið fjarlægt, en svo þegar átti að fara að veiða var því komið fyrir aftur.	
131	Vaðbeygja	Vaðbeygja í tveim hlutum, kubbur og vaðbeygjan. Eitthvað er skorið út í hana en er illgreinanlegt. Skútuvaðbeygja, kubburinn negldur á borðstokkinn á skútunni og hitt stykkið fjarlægt, en svo þegar átti að fara að veiða var því komið fyrir aftur.	

Skýrsla q			
Númer	Hlutur	séreinkenni	Mynd
132	Vaðbeygja	Vaðbeygja án kubbs, smá skemmd.	
133	Vaðbeygja	Vaðbeygja úr ljósleitum við og án kubbs.	
134	Vaðbeygja	Viðar vaðbeygja án kubbs. Illa farin og mjög fúin.	
135	Vaðbeygja	Viðar vaðbeygja án kubbs.	




Skýrsla q			
Númer	Hlutur	séreinkenni	Mynd
136	Kuðungar	Heillegir kuðungar, sex í hóp. Appelsínugulir, hvítir og brúnir.	
137	Skeljar	Litlar, tíu í hóp. Annaðhvort Öðuskel eða kræklingur.	
138	Skeljar	Heilar skeljar, tuttugu talsins	
139	Skeljar	Átta skeljabrot	






Skýrsla q			
Númer	Hlutur	séreinkenni	Mynd
140	Ígulker	Stærri ígulkerið.	
141	Ígulker	Minna ígulkerið.	*Sama mynd og osv-140
142	Handfæri	Steinninn gegnir hlutverki sökku, kallað hálfás. Öngullinn er með steiptum blý fisk sem var notaður í stað beitu. Kom frá Bernódusi Halldórssyni, hann hefur fengið handfærið frá afa sínum Sigurði Sigurðssyni.	
143	Róðrabelti	Eftirlíking af róðrabelti eins og þau voru. Notað svo hægt væri að róa með öllum líkamanum. Erfitt að nota róðrabelti en það hlífir meira höndum og baki. Jóhann Bjarnason lét sauma þegar hann skilaði af sér bátnum. Í eigu Byggðasafns Vestfjarða.	
144	Tjörubelgur	Belgur úr tjöruborum seglastriga festur við blámálaðan tréhlemm og kaðall bundinn í haldið á tréhlemminum. Tjörubelgir voru notaðir á öllum skipum allt frá árabátum til stærri báta. Þurfti að blása belgina upp með munninum. Belgurinn hefur líklegast verið úr segldúk. Hlutverk flotholt.	





Skýrsla q			
Númer	Hlutur	séreinkenni	Mynd
145	Lúðumagi	Þurrkaður lúðumagi notaður til að geyma ull í. Þessi tiltekni lúðumagi er úr stórlúðu. Skipverjar á Dagrúnu IS í Bolungarvík gáfu Geir Guðmundssyni magann sem hann svo þurrkaði.	
146	Vaðbeygja	Viðar vaðbeygja með kubb.	
147	Vaðbeygja	Viðar vaðbeygja með kubb. Með V eða A rist í kubbinn.	




Skýrsla q			
Númer	Hlutur	séreinkenni	Mynd
148	Selskinn	Selskinn frá Kristni Jónssyni frá Dröngum.	
149	Lóðahjól	Lóðahjól úr járn, sem er aðeins ryðgað. Lóðahjól voru notuð til að draga línu.	
150	Tunna	Tunna úr brenni, á henni eru þrjú gerðajárn, eiga að vera fjögur en eitt er dottið af. Gefin af Benedikt Bjarnason og kom tunnan úr Verslun Bjarna Einarssonar.	
151	Frustikassi	Frustikassi með hyllum fyrir beitu og veggir holir að innan til að hella í þá ís og salti til að fá frost í kassann. Átti að haldast frost í honum í ca. viku. Einnig kallaður Beitukassi.	




Skýrsla q			
Númer	Hlutur	séreinkenni	Mynd
152	Múrsteinn	Rauðleitur múrsteinn, rúnaður eins og hann hafir legið í vatni. Grafið í: Borgestad 6.s.11. Uppruni rakinn til Borgestad ASA sem var eitt af fyrirtækjum Gunnar Knudsen. Geir Guðmundsson telur steininn vera úr Brakoll sem strandaði í Ósunum 1935.	
153	Meisar	Dökk brúnir kassar til flutnings á þurrvöru. Punnur sléttur viður. Allar hliðar og botn meisanna er smíðaðar þannig að bil er á milli klæðningarborða, er neglt saman í hornum með standandi okum. Minni en heymeisar.	
154	Meisar		*Sama mynd og osv-153
155	Meisar		*Sama mynd og osv-153
156	Meisar		*Sama mynd og osv-153
157	Saltkassi	Til að salta fisk í. Saltkassi smíðaður úr notuðum hefðbundnum borðvið. Þannig smíðaður að hann er vatnshelltur, neðst á botni kassans er tappi, svo hægt sé að hleypa undan ef þyrfti. Saltkassinn er einnig plæktur saman.	
158	Trog	Dökk brúnt viðar trog. Botn þess er gisinn og hliðar hallandi. Sennilega ætlað undir hausa og annað smálegt sem fell við aðgerð eftir að búið var að vinna það til upphengingar.	




Skýrsla q			
Númer	Hlutur	séreinkenni	Mynd
159	Slógekassi	Slógekassi smíðaður úr tré, ca. 20 mm göt boruð í botninn svo vatn gæti lekið út. Ein fjöl brotin. Var líklega ætlaður tveim mönnum til burðar. Stundum var kassinn geymdur í sjó þegar búið var að tína frá það sem hægt var að nota í beitu. Úrganginum var safnað saman í tunnur og notaður á túnin á vorin.	
160	Rokkur	Rokkurinn er heillegur og notaður til að spinna ull. Hann er einnig mjög rauðleitur. Sigurður Sigurðsson gaf.	
161	Áttaviti	Áttaviti í rauðleitum kassa gefinn af Finnboga Jakobssyni. Geir Guðmundsson segir áttavitann ekki vera gamlan því gráðurnar eru sýnilegar á honum en það var ekki áður fyrr.	





Skýrsla q			
Númer	Hlutur	séreinkenni	Mynd
162	Matardiskar	Emaleraður blikk matardiskur. Mikið ryðgaður. Svona diskar voru notaðir við síldarsöltun.	
163	Matardiskar	Emaleraður blikk matardiskur. Svona diskar voru notaðir við síldarsöltun.	
164	Matardiskar	Emaleraður blikk matardiskur. Svona diskar voru notaðir við síldarsöltun.	
165	Matardiskar	Emaleraður blikk matardiskur. Ryðgaður á köntunum Svona diskar voru notaðir við síldarsöltun.	
166	Skál	Hvít og brún, munstruð	



Skýrsla q			
Númer	Hlutur	séreinkenni	Mynd
167	Skál	Hvít og brún, munstruð	
168	Skál	Hvít og brún, munstruð	
169	Skál	Hvít með bláum blómum og munstri í keramikinu	
170	Skál	Hvít og brún, munstruð	
171	Skál	Lítill, hvít með gulu og bláu munstri	*Sama mynd og osv-171





Skýrsla q			
Númer	Hlutur	séreinkenni	Mynd
172	Skál	Aflöng, Emaleruð með bláum köntum	
173	Panna	Stór járn panna. Með "5" merkt í handfangið, riðguð.	
174	Ausa	Hvít blikk ausa með bláu handfangi.	

Skýrsla q			
Númer	Hlutur	séreinkenni	Mynd
175	Sleif	Viðar sleif með einföldu útskornum munstri við haus hennar. Hanki er á handfanginu svo auðveldara er að hengja hana upp. Frá fyrir aldamótin 1900. Smíðuð af afa Ragnars Bjarnarsonar á Hrauni í Hnífsdal. Gefið af Önnu Kjartansdóttur.	  





Skýrsla q			
Númer	Hlutur	séreinkenni	Mynd
176	Bók	Íslendingasaga: Njálssaga. Bók með svartri og brúnni bókarkápu. Nafn bókarinnar prentað með gylltum stöfum á kjöl bókarinnar. Á fyrstu blaðsíðu er svo handskrifað hver útbjó bókina fyrir prentun, hver prentaði, hvar og svo ártalið "1894". Kjölurinn illa farinn.	
177	Bók	Rímubók með rauðfjólublárrí og svartari bókakápu. Nafn bókarinnar vantar alveg.	
178	Bók	Sálmabók, kápan er brún og svört. Er mjög tætt og glittir í prentaðan pappír undir bókakápunni þar sem hún er að flagna af.	





Skýrsla q			
Númer	Hlutur	séreinkenni	Mynd
179	Kista	Stór og mikil viðarkista. Geir Guðmundsson fann kistuna á sorpstöðinni og fékk að hirða hana. Hann telur að hún sé úr Vigur.	
180	Kista	Grænmálu viðar kista með ómáluðu loki. Gert við, settur nýr lás á hana. Kom á safnið því hún mynnti á skrínu.	
181	Kista	Lýtur út fyrir að hafa verið rauð en málað brúnt yfir.	
182	Kista	Skipt hefur verið um lok. Lokið er lakkað. Á hliðum er mállingin mikið farin af, en hún hefur verið grænmáluð.	





Skýrsla q			
Númer	Hlutur	séreinkenni	Mynd
183	Kista	Grámáluð kista með hvítu loki. Með handföngum á hliðinni svo auðveldara sé að lyfta henni upp.	
184	Bárufløygur	Bárufløygurinn er keilulaga úr gallvaniseruðu blikki. Á botninum miðjum er skrúfaður tappi og er bárufløygurinn fylltur af lýsi í gegnum hann. Trétappi er efst og er hann tekinn úr þegar lægja þarf sjóinn. Brákin í sjónum minkaði hættuna á brot gengu fram yfir bátinn. Taug milli fløygs og báts var 5-6 metrar.	





Skýrsla q			
Númer	Hlutur	séreinkenni	Mynd
185	Bárufleygur	Bárufleygur úr gallvaniseruðu blikki og ekki mikið ryðgaður. Á botninum miðjum er skrúfaður tappi og er bárufleygurinn fylltur af lýsi í gegnum hann. Einnig er tappi að ofan sem lýsinu er hleypt aftur út í gegn þegar brotsjór er.	
186	Ullarkambur	Málaður brúnn og notaður til að kemba ull. Ullarkamburinn kemur frá móður Geirs Guðmundssonar en hún fékk þá einhverstaðar annarstaðar frá.	
187	Ullarkambur	Málaður rauður og notaður til að kemba ull.	
188	Bók	Sálmabók, kápan er svört með vínrauðum hornum.	




Skýrsla q			
Númer	Hlutur	séreinkenni	Mynd
189	Bók	Íslendingasaga: Hávarðsaga Ísfirðings. Geir Guðmundsson gerði við hana en séra Gísli Kolbeins gaf.	
190	Baukur	Rauður lítill baukur með fiðrildamunstri. Inn í einu fiðrildinu stendur svo "Kakao".	
191	Baukur	Grænn lítill baukur með fiðrildamunstri. Inn í einu fiðrildinu stendur svo "Kaffe".	
192	Baukur	Blikk baukur með loki.	




Skýrsla q			
Númer	Hlutur	séreinkenni	Mynd
193	Saumhanski	Leður saumhanski fyrir skinnklæðagerð með smá hringlaga járnbút á. Hanskinn er slitinn og vantar smá búa í hann.	
194	Saumahanski	Leður saumhanski fyrir skinnklæðagerð með smá hringlaga járnbút á.	
195	Ketill	Blá kaffikanna með svörtu handfangi og svörtu og bláu loki. Gefið af Bjarney Kristjánsdóttur.	
196	Ketill	Rauður ketill með skemmd að framan í formi svarts bletts á annarri hliðinni. Svart og rautt lok. Gefið af Bjarney Kristjánsdóttur.	





Skýrsla q			
Númer	Hlutur	séreinkenni	Mynd
197	SS Brakoll	Óþekktur járn hlutur úr skipinu SS Brakoll samkvæmt Geir Guðmundsson. SS Brakoll var norskt farþega og flutningsskip. Skipið strandaði við ósana í Bolungarvík 28. Febrúar 1935 á leið sinni frá Vestmannaeyjum til Spánar.	
198	Línusteinn	Rist í hann "SHKA" á annarri hlið og á hinn "IH" og hugsanlega "K". Gæti hafa verið í eign bræðra. Notaður til að þyngja net eða línur.	
199	Hnallur	Hnallur var um borð í öllum sexæringum ef þeir fengu of stóran sel eða lúðu og þurftu að rota. Annað nafn yfir Hnall er Rotari.	
200	Skrína	Grá máluð verfaraskrína. Með tveim hólfum og járn handfangi.	





Skýrsla q			
Númer	Hlutur	séreinkenni	Mynd
201	Fiskigoggur	Viðar handfang og svo beygt járn til þess að ná í fiskinn.	
202	Lóðahjól	Viðar lóðahjól til að draga línu með.	
203	Brýni	Steinbrýni	
204	Lúðuönglar	Spökuhneif til að veiða lúðu en önglar af þessari gerð voru einnig kallaðir spökur.	





Skýrsla q			
Númer	Hlutur	séreinkenni	Mynd
205	Lúðuönglar	Spökuhneif til að veiða lúðu en önglar af þessari gerð voru einnig kallaðir spökur.	
206	Lóðastokkar	Merkt með brennimerkt "IS6" og tveim skörðum. Brennimerkið "IS6" stendur fyrir IS6 Særún, vélbáti og hlýtur að vera frá Hannesi Sigurðssyni.	
207	Lóðastokkar	Merkt með brennimerkt JKG og þrem litlum skörðum.	
208	Lóðastokkar	Stokkarnir í Ósvör eru Vestfirskir stokkar, stokkar eru ekki eins eftir landshlutum. Stokkar eru merktir með brennimerki og eða rissum. Hver maður sem var að beita í landi átti sínar lóðir og merkti sér þær, sumar merktar frammar, í miðjunni eða uppi við streng á hálsi.	
209	Lóðastokkar		*Sama mynd og osv-208
210	Lóðastokkar		*Sama mynd og osv-208





Skýrsla q			
Númer	Hlutur	séreinkenni	Mynd
211	Kvarnir	Kvarnir ca. 30-40 stk. Jafnvægislíffæri í Þorski, litlar hvítar og skörðóttar á hliðunum. Kvarnir finnast í innra eyra allra beinfiska og eru notaðar til að aldursgreina fiskinn.	
212	Tunnulok	Tunnulok sem er brennimerkt "KONTROLL" og er með handfangi. Gefið af Jóhanni Hannibalssyni.	
213	Lukt	Mikið riðguð, sumstaðar í gegn og komnar sprungur í járnið. Gefið af Jóhanni Hannibalssyni.	





Skýrsla q			
Númer	Hlutur	séreinkenni	Mynd
214	Ávaxtakassi	Gefið af Jóhanni Hannibalssyni.	
215	Trékassi	Með leðurlömum en vantar lokið á hann. Gefið af Jóhanni Hannibalssyni.	
216	Negla	Negla úr bát. Gefið af Jóhanni Hannibalssyni.	
217	Skafa	Viðar skafa með járn stykki öðrum megin á hausnum, notað til að skafa málningu. Gefið af Jóhanni Hannibalssyni.	



Skýrsla q			
Númer	Hlutur	séreinkenni	Mynd
218	Saumhanski	Leður saumhanski fyrir skinnklæðagerð með smá hringlaga járnút á.	
219	Hákarlasókn	Járn og lóðasteinn sem er svo fest við hákarlaífæruna.	
220	Blöndukútur	Grænmálaður blöndukútur, lítill og með þremur gerðajárnum, honum er svo lokað með korktappa. Bella dóttir Rögnu á Laugarbóli gaf. Hún fékk hann frá Benjamín Eiríkssyni, kúturinn kom norðan af ströndum.	
221	Mús	Ávalt verkfæri með fjórum rákum í fyrir snæri. Á toppnum er járn hanki. Var notað með snærisrokk til að búa til lóðir. Í láni frá Byggðasafni Vestfjarða.	





Skýrsla q			
Númer	Hlutur	séreinkenni	Mynd
222	Spanda	Gallvaniseruð blikk spanda sem er notuð undir kol.	
223	Handfæraás	Hálfás með blýlóði.	
224	Spanda	Emaluruð blikk spanda með bláum kanti efst.	*Sama mynd og osv-222
225	Fiskilína	Fiskilínan er uppstokkuð. Brennimerkt "MBR".	
226	Fiskilína	Uppstokkuð fiskilína.	





Skýrsla q			
Númer	Hlutur	séreinkenni	Mynd
227	Fiskilína	Uppstokkuð fiskilína.	
228	Fiskilína	Uppstokkuð fiskilína.	
229	Fiskilína	Uppstokkuð fiskilína.	
230	Fiskilína	Uppstokkuð fiskilína.	




Skýrsla q			
Númer	Hlutur	séreinkenni	Mynd
231	Fiskilína	Uppstokkuð fiskilína.	
232	Fiskilína	Uppstokkuð fiskilína.	
233	Fiskilína	Uppstokkuð fiskilína.	
234	Fiskilína		






Skýrsla q			
Númer	Hlutur	séreinkenni	Mynd
235	Fiskilína	Uppstokkuð fiskilína.	
236	Fiskilína	Uppstokkuð fiskilína.	
237	Fiskilína	Uppstokkuð fiskilína.	
238	Fiskilína	Uppstokkuð fiskilína.	



Skýrsla q			
Númer	Hlutur	séreinkenni	Mynd
239	Fiskilína	Uppstokkuð fiskilína.	
240	Fiskilína	Uppstokkuð	*Vantar mynd
241	Fiskilína	Uppstokkuð	*Vantar mynd
242	Fiskilína	Uppstokkuð	*Vantar mynd
243	Fiskilína	Uppstokkuð	*Vantar mynd
244	Fiskilína	Uppstokkuð	*Vantar mynd
245	Fiskilína	Uppstokkuð	*Vantar mynd
246	Fiskilína	Uppstokkuð	*Vantar mynd
247	Fiskilína	Uppstokkuð	*Vantar mynd
248	Fiskilína	Uppstokkuð	*Vantar mynd
249	Fiskilína	Uppstokkuð	*Vantar mynd
250	Fiskilína	Uppstokkuð	*Vantar mynd
251	Bók	Stø kurs i storm og stille: Aktieselskapet Borgestad 1904-2004. Bók fengin í sambandi við borgestad músteininn	*Vantar mynd
251	Trogbörur	HA grafið í hliðina, málaðar brúnar. Trogbörur eru kassalöguð tæki með burðarkjálkum út frá kassanum sem farmurinn var látinn í til flutnings, tveir men báru svo á milli sín. Trogbörur voru helst notaðar til flutnings á blautfiski upp úr flæðamáli þar sem fiskurinn var tekinn úr bátum og fluttur að aðgerðastað, sem oftast var nokkru oftar í fjörunni eða á kambinum. Annað mátti einnig flytja í börunum.	

Skýrsla q			
Númer	Hlutur	séreinkenni	Mynd
252	Höldur	ca. 13 saman. Höldur eru notaðar á reipi þegar verið var að binda hey. Höldur eru aflangar með tveim götum fyrir reipið.	
253	Höldur	36 stykki af höldum saman og er eitt brennimerkt "EJA". Höldur hengdar upp viljandi í Ósvör útaf Laugarbólsmönnum. Jón Halldórsson á Laugarbóli á Ísafirði tók með sér vinnu að heiman til verunnar í Ósvör og var þá oft að gera svona höldur.	
254	Hnífur	Heimagerður hnífur, kallaður Sveðja.	
255	Hnífur	Heimagerður hnífur með viðar handfangi.	

Skýrsla q			
Númer	Hlutur	séreinkenni	Mynd
256	Hnífur	Hnífur með blýi á, þótti rosa gæði og góðir hnífar. Snærisbút er vafið um handfangið til að ná betra gripi, ekki eins sleipur með snærinu. Ljóst snæri.	
257	Hnífur	Hnífur með blýi á, þótti rosa gæði og góðir hnífar. Snærisbút er vafið um handfangið til að ná betra gripi, ekki eins sleipur með snærinu. Svart snæri.	
258	Hnífur	Heimagerður hnífur. Snærisbút er vafið um handfangið til að ná betra gripi, ekki eins sleipur með snærinu. Ljóst snæri.	
259	Hnífur	Heimagerður hnífur. Handfangið virkar nýleg og er neglt saman við hnífinn með óryðguðum nöglum.	

Skýrsla q			
Númer	Hlutur	séreinkenni	Mynd
260	Hvalbeinshaus	Hluti af hausnúpu af hval sem sagður er hafa rekið dauður upp á Bolungarvíkur sand 1844. Hugsanlega bláhvalur og hann getur hafa verið um 70-80 tonn að þyngd samkvæmt Finnboga Bernódussyni. Beinið var flutt í Ósvör á tífunda áratug tuttugustu aldar. Beinið mikið veðrað og einungis lítill hluti þess eftir, sér því lítið fyrir lögun þess, aðeins sýnileg mænugöng og skar þar sem kjálkabeinin hafa tengst hausnum. Gamlir men hafa sagt að um 1930 hafi augntóftirnar verið svo heilar að stálpaðir krakkar gátu falið sig í þeim, nú eru þær horfnar með öllu.	
261	Kjálkabein	Bein þetta kom upp í rækjutroll þegar vélbáturinn Óli IS frá Bolungarvík var að rækjuveiðum í Ísafjarðardjúpi uppúr 1990. Beinið er réttir 6m og hefur brotnað eitthvað af því.	
262	Sykur kar	Emalerað sykurkar, með "SEIFE" í svörtu að framan. Í laginu eins og lítil fata með stóru baki.	

Skýrsla q			
Númer	Hlutur	séreinkenni	Mynd
263	Skjóða	Úr kindaskinni. Notuð undir peninga eða tóbak.	
264	Tóbakshorn	Silfurslegið tóbakshorn með silfur blómi og bein tappa, hugsanlega hvalbein. Var notað undir neftóbak.	
265	Ljósakolla	Lítill hringlaga stein með lítilli skál höggna í hann. Notuð sem lampi, lýsi eða olía sett í hann sem er svo kveikt í. Geir Guðmundsson telur að hún sé frá fyrri hluta miðalda.	
266	Hnífur	Skinnhnífur sem notaður var til að skafa skinn. Hnífsblaðið fest á minna hnífsblað.	
267	Þvinga	Skrúfuð viðar þvinga.	

Skýrsla q			
Númer	Hlutur	séreinkenni	Mynd
268	Vigt	Matarvigt sem getur viktað uppí 10 kg. Skreitt með fjórum stjörnum, þrjár eru fjögurra arma en hin er stærri og með átta arma. Matarvigtin kemur frá Hnífsdal.	
269	Gigtlækningar-tæki	Einnig kallað nuddtæki. Gefur smá rafstuð í þreytta vöðva.	

Umræður

Síðasta sumar var prófuð leið til að lita spottana á merkimiðunum svo að þeir falli betur inní safnið, eftir að hafa skoðað spottana sem voru litaðir er ljóst að liturinn hefur ekki dofnað eins og er, en gott væri að hafa auga með þessu næsta sumar.

Verkefnið gefur mikið færi á að betrubæta safnið þ.e. að auka upplýsingaflæði til sýningargesta með t.d. upplýsingaspjöldum, bæklingum eða öðru slíku. Einnig er hægt út frá þessu að skipuleggja safnið betur að innan með því að hafa horn, ramma eða skáp með hlutum sem ekki tilheyrðu þessu tímabili sem safnið tilheyrir sér. Þar væri hægt að setja sama hlutinn sem breyttist milli ára hlið við hlið merkta með tilheyrandi áratímabili. Einnig er hægt að nýta þetta til að marka hluti safns við tímabil og setja aðra hluti í geymslu eða lána til safna sem hluturinn tilheyrir betur.

Þakkir

Ég vil þakka viðmælendum mínum fyrrverandi og núverandi safnvörðum Ósvarar svo og öðru starfsfólki Náttúrustofu Vestfjarða.

Viðmælendur

Geir Guðmundsson

Arngrímur Kristjánsson

Jóhann Hannibalsson

Heimildaskrá

Guðríður Svava Óskarsdóttir og Þorleifur Eiríksson. 2010. Skráning safngripa í Ósvör. Ósvör og Náttúrustofa Vestfjarða. NV nr. 14-10.

Lóa Júlía Antonsdóttir og Þorleifur Eiríksson. 2011. Skráning safngripa í Ósvör. Ósvör og Náttúrustofa Vestfjarða. NV nr. 17-11.

Lúðvík Kristjánsson. 1983. Íslenskir Sjávarhættir. 3. Bindi. Bókaútgáfa Menningarsjóðs. Rvík. 546 bls.

Lúðvík Kristjánsson. 1985. Íslenskir Sjávarhættir. 4. Bindi. Bókaútgáfa Menningarsjóðs. Rvík. 498 bls.

Pétur Jónsson. 1947. Strandamannabók. Ísafoldarprentsmiðja h.f. Reykjavík.